




ÁRSSKÝRSLA 2007





Höfnin

Á höfninni mætast öfgar. Andspænis dáleiðandi ógn hafsins er hún skjól sem lægir og kyrrir. Þessi hálfbaugur stórgrýtis verður eins og útbreiddur faðmur sem tekur mjúklega á móti og fylgir úr vör, vísar veginn til móts við framandi skjól. Reykjavíkurhöfn iðar oftast af hreyfingu hvert sem lítið er. Hún unir engu verr en athafnaleysi og bölvur brælu. Í kvöldkyrrðinni kallast höfnin á við Esju. Í óveðrum er hún kennileiti. Í dumbungi skammdegis eins og óljós grá klessa sem breiðir úr sér yfir sjóndeildarhringinn. Fyrsta báran varð til lengst út á Faxaflóa og bylgjuhreyfingarnar gengu upp að strönd. Hér er borg sem hafrótið skilaði á land. Höfnin í miðbæ Reykjavíkur tekur stöðugt á móti og fær aldrei nóg.

Hulda Stefánsdóttir, myndlistarmaður. Kvíkar myndir, sýning í tilefni 90 ára afmælis Reykjavíkurhafnar 2007. Texti úr sýningarskrá.



Starfsemi Faxaflóahafna sf. er órjúfanlega samofin atvinnu- og efnahagslífi þjóðarinnar.

Hafnirnar og athafnasvæðið sem umlykur þær eru mikilvægur hlekkur í atvinnuuppbyggingu og því gríðarlegt hagsmunamál í efnahagslegu tilliti að vel takist til. Í ár eru 95 ár liðin frá því að hafist var handa við hafnargerð í Reykjavík. Það var gert af framsýni og djörfung. Frá þeim tíma, sem senn fyllir heila öld, hefur margt breyst. Stundum er sagt að íslenska þjóðin sé undurfljót að laga sig að nýjum háttum og nýrri tækni. Við séum alltaf eins og í viðbragðsstöðu ef einhverju nýju skýtur upp á yfirborðið. Ef til vill má segja að þær miklu breytingar sem orðið hafa á þessum langa tíma hafnarstarfsemi í Reykjavík lýsi að einhverju leyti einmitt þessum eiginleikum okkar með jákvæðum formerkjum. Grunnstarfsemi hafnarinnar sem þjónustumiðstöð inn- og útflutnings, fiskveiða og fiskverkunar hefur tekið stórfelldum breytingum. Ný tækifæri á sviði ferðamennsku og uppbyggingar fyrir alþjóðleg þjónustu-, framleiðslu- og tækni-fyrirtæki hafa þróast hraðar en nokkurn gat órað fyrir. Við þessum breytingum hefur verið brugðist hratt, eins og góðu þjónustufyrirtæki sæmir.

Nýtt skipulag á Grundartanga er af sama toga að því leyti að það er svar við ákalli atvinnulífsins um ákjósanlegt framtíðarsvæði til uppbyggingar og vaxtar. Gríðarleg tækifæri til uppbyggingar felast í góðri hafnaraðstöðu og miklu landrými fyrir stór og smá iðnaðarfyrirtæki sem ekki þurfa að óttast að íbúðarbyggð risi í nágrenninu.

Mikil tækifæri liggja enn í þróun lands í Örfirisey. Möguleikar á hentugum landfyllingum á grynningum gefa tilefni til þess að huga enn betur að því með hvaða hætti framtíðarskipulag svæðisins getur þróast í góðri sátt við íbúðarbyggð og atvinnu-starfsemi í Reykjavík. Að fara vandlega ofan í það mál er meðal þeirra verkefna sem nú býða stjórnar Faxaflóahafna sf..



Hafnir eru forsenda fjölskrúðugs athafnalífs. Á grundvelli góðra hafna getur atvinnu- og efnahagslíf blómstrað. Þessi sannindi eru öllum ljós sem þekkja til starfsemi hafna erlendis og starfsemi lykilhafna á Íslandi. Um hafnir landsins fer langstærstur hluti af útflutningsafurðum Íslendinga svo sem fiskur og ál. Efnahagsleg áhrif þessa eru ómissandi vaxandi samfélagi. Á starfssvæði Faxaflóahafna sf. eru flutt um 5 milljónir tonna af vörum og hráefni og tæplega 300 þúsund TEU gámaeiningar, sem gerir Faxaflóahafnir sf. ekki aðeins að stærstu höfn landsins heldur einnig að einu öflugasta hafnarsvæði á Norðurlöndum. Sú ákvörðun að sameina krafta þeirra sveitarfélaga sem eiga Faxaflóahafnir sf. staðfestir framsýni þeirra og vilja til þess að tryggja til langrar framtíðar öflugt athafna- og atvinnulíf á þeim hafnarsvæðum sem fyrirtækinu tilheyra – öllum til hagsbóta og ávinnings. Í sjálfstæðu hafnarfyrirtæki er því unnið eftir leiðarljósi eigenda þess og á grundvelli þeirrar samfélagslegu ábyrgðar sem á fyrirtæki í eigu opinberra aðila hvílir. Starfsemi Faxaflóahafna sf. er margbrotin. Auk þess að sinna þjónustu við skip og báta af öllum stærðum, skipulagningu framtíðar athafnasvæða og viðlegumannavirkja, þróun lands og lóða þá hvílir einnig sú skylda á Faxaflóahöfnum sf. sinna verkefnum sínum í sátt við umhverfið. Öruggar og hagkvæmar flutningaleiðir til og frá hafnarsvæðunum eru þar verðugt verkefni sem mikilvægt er að þróist eins og best verður á kosið.

Rekstur Faxaflóahafna sf. árið 2007 var vel viðunandi. Fyrirtækið er því vel í stakk búið til að glíma við þau mikilvægu verkefni sem framundan eru. Úrlausn þeirra krefst þolinmæði og skipulagningar til lengri tíma, en aðalatriðið er að hægt og bítandi verði þeim markmiðum náð, sem eigendur Faxaflóahafna sf. setja.





EIMSKIP

Skýrsla hafnarstjórnar og hafnarstjóra á ársfundi Faxaflóahafna sf. 30. maí 2008

Árið 2007 var Faxaflóahöfnum sf. hagfelld. Árið var merkisár, þann 16. nóvember voru 90 ár liðin frá því að Gamla höfnin í Reykjavík var tekin í notkun, en sú framkvæmd markaði um margt þáttaskil í sögu Reykjavíkur og flutningastarfsemi á Íslandi. Framkvæmdin var stórvirki þess tíma og enn í dag talin verkfræðilegt og framkvæmdalegt afrek. Með byggingu Gömlu hafnarinnar varð til miðstöð inn- og útflutnings og Reykjavík varð helsti útgerðarbær landsins með vaxandi togaræign landsmanna. Á 90 árum hefur Gamla höfnin þróast hratt úr því að vera þungamiðja flutninga og löndunar á afla í að verða almenn þjónustuhöfn og á komandi árum mun hlutverk hennar eflaust breytast enn frekar. Með byggingu Tónlistar- og ráðstefnuhúss í Austurhöfninni og byggingu íbúðahverfis við Mýrargötu mun ásýnd og starfsemi við höfnina breytast og þróast með svipuðum hætti og þekkt víða erlendis við sambærilegar aðstæður.

Í samræmi við viljayfirlýsingu eigenda fyrirtækisins og þær áherslur sem settar voru í fjárhagsáætlun ársins 2007 fyrir það ár, var unnið að ýmsum mikilvægum verkefnum við landþróun og hafnarmannvirki. Ágætum verkaföngum var lokið og þá einna helst í Gömlu höfninni á Norðurgarði og í Suðurbugt og með byggingu þjónustuhúss á Skarfabakka. Fjárhagur fyrirtækisins er sterkur og afkoma ársins umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins. Á þeim þremur árum sem Faxaflóahafnir sf. hafa starfað hefur almennt tekist vel til varðandi þau verkefni sem eigendur fyrirtækisins lögðu í upphafi áherslu á. Þau meginverkefni hafa ekkert breyst en ný verkefni bæst við, sem unnið verður að á næstu árum. Það er megin einkenni á hafnarverkefnum og landþróun að undirbúningur þeirra og framkvæmd teygjast yfir nokkurra ára tímabil. Þá geta forsendur fyrir ákveðnum verkefnum breyst annars vegar fjárhagslega og hins vegar af ákvörðunum sem eru í hendi viðskiptaaðila fyrirtækisins. Mikilvægast er þó að stefna fyrirtækisins á hverju starfssvæði þess sé skýr, að hún sé í sátt við vilja sveitarstjórnar á hverjum stað og henni fylgt innan þeirrar fjárhagsgetu sem fyrir hendi er hverju sinni.

Eignaraðilar Faxaflóahafna sf. og eignarhlutar þeirra eru eftirfarandi:

Reykjavíkurborg	75,00%
Akraneskaupstaður	10,70%
Hvalfjarðarsveit	9,24%
Borgarbyggð	4,84%
Skorradalshreppur	0,22%

Stjórn fyrirtækisins

Á árinu 2007 og í byrjun árs 2007 urðu nokkrar breytingar á stjórn fyrirtækisins. Á ársfundi, sem haldinn var þann 1. júní 2007 voru eftirfarandi aðilar skipaðir í stjórn:

Frá Reykjavíkurborg:

Aðalmenn:	Björn Ingi Hrafnsson, formaður Kjartan Magnússon Ólafur R. Jónsson Steinunn Valdís Óskarsdóttir Árni Þór Sigurðsson
Varamenn:	Bjarni Karl Guðlaugsson Kristinn Vilbergsson Jóhann Páll Símonarson Dofri Hermannsson Margrét Sverrisdóttir

Frá Akraneskaupstað:

Aðalmaður:	Sæmundur Víglundsson
Varamaður:	Þórður Þórðarson
Áheyrnarfulltrúi:	Sveinn Kristinsson

Frá Hvalfjarðarsveit:

Aðalmaður:	Hallfreður Vilhjálmsson
Varamaður:	Stefán G. Ármannsson

Frá Borgarbyggð og Skorradalshreppi:

Aðalmaður:	Páll Brynjarsson
Varamaður:	Sveinbjörn Eyjólfsson

Á eigendafundi Faxaflóahafna sf. þann 26. október var af hálfu Reykjavíkurborgar gerð breyting á skipan fulltrúa í stjórn og voru þá eftirfarandi aðilar skipaðir:

Aðalmenn:	Björn Ingi Hrafnsson, formaður Sigrún Elsa Smáradóttir Árni Þór Sigurðsson Hanna Birna Kristjánsdóttir Gísli Marteinn Baldursson
Varamenn:	Jóhannes Bárðarson Stefán Benediktsson Helga Björg Ragnarsdóttir Ólafur R. Jónsson Kristinn Vilbergsson

Á eigendafundi sem haldinn var þann 1. febrúar 2008 var að nýju gerð breyting á skipan fulltrúa Reykjavíkurborgar og eftirfarandi aðilar skipaðir í stjórn:

Aðalmenn:	Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður Jórunn Frímannsdóttir Ásta Þorleifsdóttir Björk Vilhelmsdóttir Óskar Bergsson
Varamenn:	Ólafur R. Jónsson Halldór Guðmundsson Ólöf Guðný Valdímarsdóttir Margrét Kristjana Sverrisdóttir Oddný Sturludóttir

Afkoma ársins 2007

Afkoma Faxaflóahafna sf. árið 2007 var með ágætum. Rekstrartekjur voru 2.525 mkr. og hækkuðu milli ára um 2,39% og rekstrargjöld 1.814 mkr. og hækkuðu um 1,79% á milli ára. Vörugjöld voru talsvert umfram áætlun eða sem nemur 33 mkr. og endurspeglar aukningu í innflutningi á vörum. Aflagjöld voru samkvæmt áætlun, en landaður afli var þó nokkru meiri en árið 2006. Eignatekjur voru 48 mkr. umfram áætlun. Hagnaður fyrir fjármagnsliði var 711 mkr., en hagnaður eftir fjármunaliði var 725.8 mkr. en var 491 mkr. á árinu 2006. Handbært fé frá rekstri var 707 mkr. en var neikvætt árið 2006 um 271 mkr. Handbært fé lækkaði milli ára um 170 mkr. en var í árslok 400.1 mkr. Til fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum var varið 1.341 mkr. Seldur var byggingarréttur á 7 lóðum fyrir alls 503 mkr. en að frádregnum kostnaði við land- og lóðargerð varð hagnaður á sölu byggingarréttar alls 274 mkr.

Skammtímaskuldir lækkuðu milli ára um 20 mkr. og voru í árslok 563 mkr. Langtímaskuldir í árslok án næsta árs afborgana voru 1.582 mkr. og lækkuðu milli ára um 240 mkr. Fjárhagur Faxaflóahafna sf. er því nokkuð traustur og miðað við að þeim styrk verði haldið á árinu 2008.

Framkvæmdir ársins 2007

Til fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum árið 2007 var varið 1.340.1 mkr. og var skipting þeirra fjármuna eftir athafnasvæðum þannig:

Gamla höfnin	444 mkr.	33.1%
Sundahöfn	558 mkr.	41.6%
Grundartangi	217 mkr.	16.2%
Akranes og Borgarnes	68 mkr.	5.1%
Annað	54 mkr.	4.0%
Alls	1.341 mkr.	100.0%

Í **Gömlu höfninni** var unnið að gatna- og lóðafrágangi á Norðurgarði auk þess sem unnið var að lokaáfangi stálþilsframkvæmda á Grandabryggju og endurnýjun raflagna á því svæði. Unnið var að gatnagerðarverkefni á Fiskislóð, lokið við dýpkun í Suðurbugt og hafist handa um landmótun á Mýrargötu-svæðinu.

Í **Sundahöfn** var lokið við framkvæmdir við Köllunarklettsveg, lokið við byggingu þjónustumiðstöðvar fyrir farþega skemmtiferðaskipa á Skarfabakka, haldið áfram með landgerð utan Klepps og lenging Vogabakka undirbúin m.a. með útboði á stálþili sem fer í 150 metra lengingu hafnarkantsins. Á Grundartanga var unnið að slitlagsframkvæmdum, endurbótum á holræsum og frágangi hafnarverndarsvæðis auk þess sem unnið var að undirbúningi lóðagerðar vestan Járnblandiverksmiðjunnar.

Á **Akranesi** var ekki um að ræða neinar stórar framkvæmdir, en unnið að lagfæringu á enda aðalhafnargarðs.

Í **Borgarnesi** var áfram unnið að umhverfisbótum á hafnar-svæðinu.

Á árinu var skrifað undir samning um smíði á nýjum dráttarbáti sem væntanlegur verður til Faxaflóahafna sf. haustið 2008. Báturinn kemur í stað Jötuns, sem seldur var til Þorlákshafnar. Nýr Jötunn mun verða með 27 tonna togkrafti og verða þeir fjórir dráttarbátar sem verða í eigu Faxaflóahafna sf. með samtals 87 tonna togkraft.

Skipulagsmál

Á árinu 2007 var m.a. unnið að eftirfarandi skipulagsmálum:

Endurskoðun aðalskipulags hafnarsvæðisins í Reykjavík í tengslum við endurskoðun á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar Framtíðarskipulagi Örfiriseyjar Deiliskipulag á Fiskislóð Deiliskipulag utan Klepps Deiliskipulag á Grundartanga Endurskoðun á skipulagi Akraneshafnar

Við endurskoðun á aðalskipulagi hafnarsvæðisins í Reykjavík hafa eftirfarandi atriði verið sett í forgang:

Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir lengingu Skarfabakka þvert yfir í Kleppsbakka með tilheyrandi landfyllingu þar að baki. Með þessu vinnst dýrmætt athafnasvæði auk þess sem framkvæmdin kemur í stað endurnýjunar stálþils Kleppsbakka og skapar nægjanlegt dýpi fyrir aukna djúpristu skipa í framtíðinni.

Miðað er við að vegtenging frá Sæbraut á athafnasvæði Faxaflóahafna sf. neðan Klepps verði á aðalskipulagi og gert ráð fyrir auknu landrými fyrirtækisins austan við Kleppsspítala.

Gerð er tillaga um að lóð Björgunar við Sævarhöfða verði gerð að íbúðalóð, en stefnt að því að starfsemi Björgunar flytjist í Álfsnes.

Gerð er tillaga um að Faxaflóahafnir sf. fái aukið landrými í Gufunesi og að þar verði heimilað að þróa athafnasvæði fyrir vörugeymslur o.fl.

Varðandi þróun Örfiriseyjar þá er vísað til vinnu starfshóps sem unnið hefur að hugmyndum um landnotkun í Örfirisey. Fyrir liggur samantekt um kosti og hugsanlega landnýtingu, en ekki hefur verið tekin afstaða til einstakra tillagna.

Á árinu 2007 var unnið að skipulagningu iðnaðarsvæðis vestan Járnblandiverksmiðjunnar í landi Klafastaða og skipulagningu landfyllingar framan Norðuráls ásamt viðlegu fyrir dráttarbáta. Fyrsti áfangi deiliskipulags svæðisins var samþykktur í nóvembermánuði, en á því deiliskipulagi er m.a. gert ráð fyrir lóðum fyrir Stálsmiðjuna hf. og Lífland hf. sem munu flytjast á Grundartanga á komandi mánuðum. Að auki er gert ráð fyrir

lóðum fyrir 4–6 fyrirtæki sem sýnt hafa því áhuga á að flytja starfsemi sína á Grundartanga og sótt um lóðir í því skyni. Í framhaldi af samþykkt framangreinds skipulags er nú unnið að heildardeiliskipulagningu á landi Klafastaða fyrir ýmis konar iðnfyrirtæki og lengingu hafnarbakka ásamt nauðsynlegu baklandi. Ráðgert er að það deiliskipulag verði tilbúið í árslok 2008.

Á Akranesi var unnið að nýjum hugmyndum að fyrirkomulagi Akraneshafnar með því að gera ráð fyrir landfyllingu sunnan Aðalhafnargarðs, en með því yrði unnt að bæta mjög afhafnasvæði hafnarinnar. Athugun þessi var m.a. gerð í tilefni af ákvörðun HB Granda hf. í ágústmánuði að flytja starfsemi sína á Akranes, en þeirri ákvörðun var reyndar breytt nokkru síðar þegar fyrirtækið tilkynnti um að það hygðist áfram starfa á Norðurgarði. Þrátt fyrir þá niðurstöðu þykir rétt að kanna nýjan valkost varðandi þróun Akraneshafnar og er það nú gert í samráði við bæjarstjórn Akraness auk þess sem stjórnendum HB Granda hf. hefur verið kynnt staða mála.

Þróunarverkefni

Unnið var að nokkrum þróunarmálum innan Faxaflóahafna sf. og eru þau helstu þessi:

Athugun á mögulegri viðlegu skipa í Álfsnesi í tengslum við þróun iðnaðarsvæðis m.a. fyrir jarðefnaíðnað þar.

Skoðun á hugsanlegri viðlegu skemmtiferðaskipa og landfyllingu austan Ingólfsгарðs, m.a. með gerð forsagnar fyrir deiliskipulag svæðisins og undirbúningi umhverfismats.

Undirbúningur umhverfismats vegna lengingar Skarfabakka.

Skoðun á athafnasvæðinu í Gufunesi og hugsanlegum möguleikum Faxaflóahafna sf. til að nýta það svæði í framtíðinni.

Sundabraut m.a. með þátttöku í starfshópi samgönguráðherra um fjármögnun framkvæmda o.fl.

Varðandi iðnaðarsvæði á Álfsnesi þá er afar brýnt að þróa grófiðnaðarsvæði í næsta nágrenni þéttbýlis Reykjavíkur fyrir jarðefnaíðnað svo sem aðstöðu fyrir Björgun, malbikunarstöð, steypustöðvar og fleiri fyrirtæki sem gætu haft sína starfsstöð þar. Af hálfu skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er verið að vinna að undirbúningi málsins, en nauðsynlegt er að flýta þeim undirbúningi svo unnt verði að breyta notkun lands í Sævarhöfða og nágrenni.

Um nokkurra ára skeið hefur verið áhugi fyrir því að byggja viðlegukant fyrir skemmtiferðaskip austan Ingólfsгарðs ásamt landfyllingu í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkurborgar. Samþykkt hefur verið forsoðun að deiliskipulagi svæðisins og í undirbúningi er að láta framkvæma umhverfismat á grundvelli þeirrar forsagnar. Af hálfu Faxaflóahafna sf. er talið óhjákvæmilegt að gera landfyllingu til að styðja við starfsemi á viðlegukantinum og tryggja um leið að umferðartengingar verði góðar. Um þessar mundir er verið að skoða hvernig umferðartenging-

um við Geirsgötu verði best fyrir komið og er beðið með frekari skipulagsvinnu þar til þeirri vinnu lýkur.

Í árslok 2007 skilaði starfshópur um Sundabraut skýrslu um fjármögnun og framkvæmdir við Sundabraut, en starfshópurinn var skipaður í tilefni af samþykkt stjórnar Faxaflóahafna sf. þar sem boðist var til að koma að verkefninu. Niðurstaða starfshópsins olli nokkrum vonbrigðum þar sem meirihluti hans taldi að ef fara ætti í einkafjármögnun á verkefninu þyrfti að bjóða þann þátt út. Hvort heldur að Sundabraut verður fjármögnuð af ríkinu eða öðrum aðilum er aðalatriði málsins að tekin verði sem fyrst afstaða til legu Sundabrautar og framkvæmdir hafnar eins fljótt og kostur er. Stjórn Faxaflóahafna sf. hefur tekið undir samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur að Sundabraut verði lögð í göng, en mikilvægi þeirrar samgöngubótar birtist m.a. höfninni í tryggum umferðarleiðum og auknum möguleikum á að nýta Grundartangahöfn í auknum mæli til inn- og útflutnings þegar Sundahöfn verður fullþróuð.

Ýmis atriði

Á árinu 2007 komu fleiri skip til hafnar en árið áður.

Heildarfjöldi skipa yfir 100 brt. var 1.691. Skipting þeirra var eftirfarandi:

Vöruflutningaskip	585
Skemmtiferðaskip	76
Fiskiskip	760
Önnur skip	23
Tankskip	155
Rannsóknar- og varðskip	92

Þá má geta þess að fjöldi farþega með skemmtiferðaskipum árið 2007 var 53.529.

Vörumagn til inn- og útflutnings hefur aldrei verið meira og aukning varð í lönduðum sjávarafli á árinu, en reikna má þó með að vegna niðurskurðar á aflaheimildum á þorski og óvissu varðandi heildarafla uppsjávarfisks þá muni landaður afli á árinu 2008 dragast eitthvað saman aftur.

Faxaflóahafnir sf. eiga 23,5% hlut í eignarhaldsfélaginu Speli hf. en það félag er eigandi Spalar ehf., sem á og rekur Hvalfjarðargöng. Rekstur þess félags hefur gengið vel. Umferð hefur farið ört vaxandi og á árinu 2007 fóru yfir 2 milljónir bifreiða um Hvalfjarðargöng. Stjórn Spalar ehf. hefur unnið að undirbúningi nýrra Hvalfjarðarganga í samvinnu við Vegagerðina auk þess sem hafinn er undirbúningur að tvöföldun vegar um Kjalarnes. Þessar vegabætur eru að mati stjórnar Spalar ehf. afar mikilvægar til þess að forðast fyrirsjáanleg umferðarvandamál, enda verður að gera ráð fyrir aukinni slyshættu og umferðartöfum ef ekkert er aðhafst til að mæta sívaxandi umferð. Stjórn Spalar ehf. hefur gert samgönguráðherra grein fyrir þremur valkostum varðandi uppgreiðslu skuldbindinga félagsins á næstu árum:



Miðað við þá umferð sem nú fer um Hvalfjarðargöng og óbreytta gjaldskrá er mögulegt að ljúka innheimtu veggjalds á árinu 2015. Á þeim tímamótum yrðu hlutabréf í eignarhaldsfélaginu Speli hf. framseld ríkinu.

Með nokkurri lækkun á veggjaldi um Hvalfjarðargöng gæti Spölur ehf. lokið uppgreiðslu lána félagsins og lokið verkefni sínu árið 2018.

Með óbreyttri gjaldskrá gæti stjórn Spalar ehf. lagt fram fjármuni til að flýta gerð nýrra Hvalfjarðarganga ef innheimtu er haldið áfram til ársins 2018.

Ekki hefur verið sérstaklega tekið undir áhuga stjórnar Spalar ehf. á því að aðstoða ríkið við frekari framkvæmdir við ný Hvalfjarðargöng og mun því stjórn fyrirtækisins stefna að því að ljúka verkefnum félagsins síðla árs 2014 eða á árinu 2015.

Þann 16. nóvember 2007 var minnst 90 ára afmælis Gömlu hafnarinnar í Reykjavík. Af því tilefni var m.a. efnt til ljósmyndasýningar á Miðbakka og sýningar á myndverkum tengdum sögu hafnarinnar í samstarfi við Listasafn ASÍ. Þá samþykkti stjórn Faxaflóahafna sf. að styrkja gerð sýningar í „vélasal“ Sjóminjasafnsins en þar hefur verið komið upp sýningu sem gefur glögga mynd af hafnarlífinu í Reykjavík í gegnum árin, en sýningin var opnuð í byrjun desember. Í tilefni afmælisins var Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur fenginn til þess að stikla á því helsta í sögu Reykjavíkurhafnar og var því gerð skil í afmælisútgáfu Hafnarblaðsins sem var af þessu tilefni 42 síður. Loks samþykkti stjórn Faxaflóahafna sf. að afhenda Sjóminjasafninu að gjöf húseign fyrirtækisins að Grandagarði 8, sem keypt var í því skyni að koma þar upp Sjóminjasafni. Húseignin var gefin með ákveðnum skilyrðum, en einnig því loforði að Faxaflóahafnir sf. myndu annast utanhússfrágang á árinu 2008. Vafalaust er að þessi gjöf mun verða Sjóminjasafninu mikilvæg við uppbyggingu safnsins og rekstur þess á komandi árum.

Að vanda hafa Faxaflóahafnir sf. tekið þátt í erlendu samstarfi, ráðstefnum og markaðsmálum. M.a. fóru fulltrúar fyrirtækisins á fund Alþjóðasamtaka hafna og borga í Le Havre í maí, en þar var m.a. fjallað um þróun og samþættingu hafnarsvæða og miðborga. Að auki var tekið þátt í ráðstefnum á Miami og Napolí í tengslum við markaðssetningu Reykjavíkurhafnar fyrir skemmtiferðaskip og sjávarútvegssýningu í Færejum þar sem starfsemi Faxaflóahafna sf. var kynnt. Í júlímánuði kom sendinefnd frá Qingdao—höfn í Kína í heimsókn til Faxaflóahafna sf. og var af því tilefni undirrituð viljayfirlýsing um samstarf hafnanna. Í framhaldi af því heimsóttu fjórir fulltrúar Faxaflóahafna sf. Qingdao í október þar sem sáttmáli um samstarf var undirritaður, en heimsóknin var m.a. liður í opnun Eimskipa hf. á nýjum frystigeymslum í Qingdao.

Að venju gáfu Faxaflóahafnir út Hafnarblaðið og stóðu fyrir Hátíð hafsins í góðu samstarfi við Sjómannsdagsráð og Ríkisútvardið auk þess sem fjöldi veitingahúsa í miðborginni tók virkan þátt í hátíðinni.

Sem fyrr stóðu Faxaflóahafnir sf. að verkefninu „Sigling um Sundin“ en það nær til allra nemenda 6. bekkjar grunnskóla

á starfssvæði fyrirtækisins. Verkefnið hefur tekist vel en því er ætlað að veita nemendum grunnskólanna fræðslu um ýmis atriði varðandi lífríki sjávar, hafið og starfsemina við hafnirnar.

Í lok árs 2007 voru fastráðnir starfsmenn Faxaflóahafna sf. 67. Meðalstarfsaldur innan fyrirtækisins er 10,2 ár, en meðal lífaldur starfsmanna 55 ár. Þrír starfsmenn státa af um 35 ára starfsaldri en 12 starfsmenn hafa unnið hjá fyrirtækinu í 20 ár eða lengur, og 45 starfsmenn eru með innan við 10 ára starfsaldur.

Niðurlag

Eins og getið var um í upphafi þá gekk rekstur og starfsemi Faxaflóahafna sf. á árinu 2007 ágætlega. Mikilvæg og stór verkefni blasa við á komandi árum, en ágætum áföngum var náð á ýmsum sviðum starfseminnar og verkefnum komið vel áleiðis. Að baki þessum árangri stendur starfsfólk fyrirtækisins sem hefur áralanga reynslu og þekkingu á verkefnum sínum. Er stafröðnum Faxaflóahafna sf. færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf, sem það hefur sinnt af metnaði og fagmennsku.

Mikilvægt er fyrir eigendur Faxaflóahafna sf. að fyrirtækið hafi styrk og burði til að sinna þeim verkefnum sem mikilvæg eru á hverju starfssvæða þess. Það er einnig mikilvægt að eigendur Faxaflóahafna sf. gæti að mikilvægi hafnarsvæða fyrirtækisins þannig að þar megi dafna sú starfsemi sem er að stórum hluta drifkraftur framfara og öflugs efnahags á hverjum stað. Um hafnir Faxaflóahafna sf. fer meirihluti af inn- og útflutningi til Íslands. Það er því augljóst að gríðarlegir hagsmunir eru í húfi fyrir sveitarfélögin sem að Faxaflóahöfnum sf. standa og því atvinnulífi sem þrífst á athafnasvæðum fyrirtækisins. Markviss uppbygging þeirra svæða og hafnarmannvirkja sem er nauðsynlegt er því grundvallar forsenda vaxtar og fjölbreytts atvinnulífs. Við þróun lands og hafnargerð verður að hafa langtímasjónarmið og framsýni að leiðarljósi. Þau markmið sem eigendur Faxaflóahafna sf. settu sér við stofnun fyrirtækisins eru í fullu gildi og skýr, en áræðni þarf til að fylgja þeim eftir með sama hætti og hefur verið gert á liðnum þremur árum.

Reykjavík 11. apríl 2008



Júlíus Vífill Ingvarsson,
Formaður stjórnar



Gísli Gíslason, hafnarstjóri






1917-2007

REYKJAVÍKUR

HÖFN

Í 90 ÁR

Þróun hafnarsvæða Reykjavíkur



Skýringar


- Mörk Hafnarsvæða
- Strandlína 1900
- Upprunalegt land
- Landfylling til 2008
- Væntanleg landfylling

Engey

Gamla höfn

avíkur í 124 ár

Upprunalegt land: 176,4 ha
Fylling til 2008: 155,3 ha
Framtíðarfylling: 49,5 ha
ALLS: 381,2 ha







Faxaflóahafnir sf
Grænt
bókhald
2007


Grænt bókhald Faxaflóahafna 2007

Yfirlýsing stjórnar


Upplýsingar í þessari skýrslu teljast eins réttar og þær geta orðið miðað við þau gögn sem liggja fyrir. Tölurnar eru ýmist fengnar úr bókhaldi Faxaflóahafna, frá birgjum eða áætlaðar eftir bestu vitund þegar rauntölur liggja ekki fyrir.

Stjórn Faxaflóahafna samþykkir hér með grænt bókhald fyrir árið 2007.


Reykjavík, 11. apríl 2008




Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður




Jórunn Ósk Frímansdóttir



Ásta Þorleifsdóttir




Björk Vilhelmsdóttir



Óskar Bergsson



Sæmundur Víglundsson



Páll Brynjarsson



Hallfreður Vilhjálmsson

Inngangur

Grænt bókhald er skilgreint sem efnisbókhald þar sem fram koma upplýsingar á tölulegu formi um hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi. Græna bókhaldið á þannig að sýna áhrif starfseminnar á umhverfið. Niðurstöður eru settar fram í svokölluðum lykiltölum sem eru mælikvarðar á magn eða frammistöðu viðkomandi umhverfisþátta. Grænt bókhald gefur þannig upplýsingar um frammistöðu í umhverfismálum á sama hátt og rekstrarbókhald gefur upplýsingar um fjárhagslega frammistöðu.

Reglugerð um grænt bókhald nr. 851/2002 hefur að markmiði að veita almenningi, félagasamtökum og stjórnvöldum upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í starfsemi sem haft getur í för með sér mengun. Enn fremur er það markmið reglugerðarinnar að hvetja rekstraraðila til að fylgjast vel með helstu umhverfisþáttum starfseminnar og leitast við að tryggja að þróun starfseminnar sé jákvæð fyrir umhverfið.

Grænt bókhald fyrir árið 2007 er annað græna bókhald Faxaflóahafna. Faxaflóahöfnum sf. er ekki skylt að halda grænt bókhald en hafnarstjórn samþykkti árið 2006 að koma í framkvæmd grænu bókhaldi og var það fyrsta gefið út með ársreikningi fyrir árið 2006. Tilgangur þess er að meta umhverfisáhrif rekstrar og innkaupa og áhrif af umhverfisstarfi Faxaflóahafna sf., lágmarka umhverfisáhrif af völdum starfseminnar og auka umhverfisvitund starfsmanna.

Vinnuhópur á vegum Faxaflóahafna skilgreindi 16 lykiltölur árið 2006 sem áhugavert og nauðsynlegt væri að vakta. Grænt bókhald fyrir árið 2007 inniheldur tölulegar upplýsingar um 8 fyrstu lykiltölurnar eins og græna bókhaldið gerði árið áður. Bornar eru saman lykiltölur milli árána 2006 og 2007 og sést þannig hvaða árangur náðst hefur í umhverfismálum á milli árána. Það er vilji stjórnar Faxaflóahafnar að í framtíðinni verði birtar allar 16 lykiltölurnar.

- | | |
|----------------------------------|---|
| 1. Raforka | 9. Eiturefni og hættuleg efni |
| 2. Heitt og kalt vatn | 10. Mengun sjávar og sets |
| 3. Eldsneytisnotkun | 11. Mengun jarðvegs |
| 4. Pappírnotkun | 12. Hávaði |
| 5. Úrgangur og spilliefni | 13. Jarðvegsfok |
| 6. Mengunaróhöpp | 14. Umferð á hafnarsvæðum |
| 7. Dýpkun hafna | 15. Nýting lands |
| 8. Landfyllingar | 16. Umhverfivöktun samkvæmt mati á umhverfisáhrifum framkvæmda |

Það er einlægur vilji hafnarstjóra að hjá Faxaflóahöfnum sf. sé unnið markvisst að umbótum í umhverfismálum og að fylgst verði með frammistöðu í þeim málefnum. Á árinu 2007 voru sett ákveðin verkefni í gang hjá Faxaflóahöfnum sf. sem stuðla að bættri gagnaöflun og meiri upplýsingum sem birtar eru í grænu bókhaldi fyrir árið 2007.

Helstu verkefni:

- 1. Vöktun á eldsneytisnotkun bifreiða og báta (skráning á akstri bifreiða og siglingatíma dráttarbáta)**
- 2. Skráning á spilliefnum frá hafnarsvæðum í Reykjavík**

Tafla 1. Almennar upplýsingar um Faxaflóahafnir sf. 2007 og árið 2006 til samanburðar.

		2007	2006
Starfsmenn Faxaflóahafna sf.	fjöldi	68	63
Bifreiðar í eigu Faxaflóahafna sf.	fjöldi	21	21
Bátar í eigu Faxaflóahafna sf.	fjöldi	3	4
Flatarmál hafnarlands og lengd viðlegukanta			
Gamla höfnin	ha / m	70 / 3.359	70 / 3.304
Sundahöfn	ha / m	190 / 2.151	190 / 2.151
Eiðsvík og Gufunes	ha / m	95 / 196	95 / 196
Grundartangi	ha / m	675 / 640	615 / 640
Akranes	ha / m	- / 1.272	- / 1.272
Borgarnes	ha / m	- / 61	- / 61
Hafnarland og viðlegukantar alls	ha / m	1.060 / 7.679	1.000 / 7.624
Lóðir í eigu Faxaflóahafna	ha	344	202
Húsnæði Faxaflóahafna, til eigin nota			
Skrifstofuhúsnæði Tryggvagötu, í notkun Faxaflóahafna	m ²	1.672	1.672
Skrifstofuhúsnæði Tryggvagötu, í leigu	m ²	4.127	4.127
Bækistöð, Gamla höfnin	m ²	1.243	1.243
Vigtarhús, Gamla höfnin	m ²	93	93
Vigtarhús, Akranes	m ²	32	32
Hafnarhúsið Akranesi	m ²	211	211
Þjónustuhús Skarfabakka	m ²	360	
Húsnæði alls	m ²	7.738	7.378
Skipakomur (yfir 100 tonn)			
Skemmtiferðaskip og fjöldi farþega	fjöldi	76 / 53.529	74 / 55.223
Önnur skip	fjöldi	1616	1548
Flutningar	tonn / TEU	4.606.096 / 291.748	4.830.467 / 277.634

Lykiltölur í grænu bókhaldi

Raforka – notkun og sala

Lykiltalan á við raforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna og sölu raforku til skipa og báta í gegnum rafdreifikerfi. Af umhverfislegu sjónarmiði er æskilegt að stefnt sé að betri nýtingu raforku í byggingum og þar með að í byggingum verði dregið úr notkun raforku milli ára. Hins vegar er æskilegt að sala raforku til skipa í gegnum rafdreifikerfi aukist frá ári til árs þar sem aukin notkun raforku í skipum og bátum kemur í veg fyrir að þau noti olíu til að keyra á ljósavélum. Aukin sala raforku dregur þannig bæði úr notkun eldsneytis, losun mengunar til umhverfisins og hávaða.


Tafla 2. Raforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna sf. og sala raforku til skipa og báta 2007 og til samanburðar árið 2006.

	2007 kWst	2006 kWst	2007 kWst / m2	2006 kWst / m2
Raforkunotkun í byggingum				
Bækistöð, Gamla höfnin	122.500	110.000	99	89
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna sf.	340.200	332.000	59	57
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, húsnæði í notkun Faxaflóahafna sf.*	98.100	95.600	59	57
Hafnarhús á Akranesi	10.700	11.300	51	53
Heildarraforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna sf.	473.00	453.000	-	-
Heildarraforkunotkun í byggingum í notkun Faxaflóahafna	231.200	217.000	-	-
Rafdreifikerfi (rafmagn selt í skip og báta)	3.376.000	2.740.000	-	-

*áætluð notkun

Mynd 1 sýnir sölu á rafmagni til skipa og báta á árunum 2006 og 2007 og rafmagnsnotkun Faxaflóahafna sf. yfir sama tímabili. Sala til skipa og báta hefur aukist um 23% á milli ára. Á árinu var tekið í notkun nýtt rafdreifikerfi í Vesturhöfninni í Reykjavík. Heildarraforkunotkun Faxaflóahafna hefur aukist um 6% í byggingum í notkun Faxaflóahafna sf. á þessu tímabili.

Mynd 1. Rafmagnssala til skipa og báta og raforkunotkun í byggingum í notkun Faxaflóahafna (kWst) árið 2007 og 2006 til samanburðar.



Heitt og kalt vatn – notkun og sala

Lykiltalan á við notkun á heitu og köldu vatni í byggingum Faxaflóahafna sf. og sölu til skipa og báta. Af umhverfislegu sjónarmiði er æskilegt að stefna að því að draga úr óþarfa notkun á heitu og köldu vatni. Því er mikilvægt að nýta sem best þá orku sem fer til upphitunar húsnæðis og fylgjast með notkun á köldu vatni, bæði í húsnæði Faxaflóahafna sf. og sölu til skipa og báta. Með því að fylgjast með innkeyptu magni af vatni og notkun er hægt að fylgjast með vatnslekum sem geta átt sér stað frá lögnum.


Tekið skal fram að sama gildir um skiptingu heitavatsnotkunar og raforkunotkunar milli fyrirtækja í húsnæði Faxaflóahafna í Tryggvagötu, þ.e. að tölur fyrir árið 2007 eru byggðar á áætlunum um notkun út frá fermetrafjölda.

Tafla 3. Heitavatsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna árið 2007 og til samanburðar notkun árið 2006.

	2007 m ³	2006 m ³	2007 m ³ / m ³	2006 m ³ / m ³
Heitavatsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna sf.				
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna sf.	20.303	22.400	0,95	1,0
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, húsnæði í notkun Faxaflóahafna sf.*	5.855	6.460	0,95	1,0
Bækistöð, Gamla höfnin	7.421	5.030	1,0	0,68
Vígtarhús, Gamla höfnin	3.077	3.370	10	11
Vígtarhús, Akranes	394	472	3,1	3,8
Hafnarhúsið, Akranesi	635	696	0,84	0,92

*áætluð notkun

Mynd 2. Heitavatsnotkun í húsnæði sem nýtt er af Faxaflóahöfnum (m³) 2007 og árið 2006 til samanburðar.




Tafla 5 sýnir innkaup, sölu og útskýrða kaldavatnsnotkun hjá Faxaflóahöfnum. Með útskýrðri kaldavatnsnotkun er átt við hversu stórt hlutfall af innkeyptu magni er annað hvort selt í skip og báta eða notað í húsnæði Faxaflóahafna sf. Með því að fylgjast með innkeyptu magni af vatni og notkun er hægt að fylgjast með vatnsleka sem getur átt sér stað frá lögnum.

Tafla 5. Innkaup, sala og útskýrð kaldavatnsnotkun 2007 og til samanburðar árið 2006.

	2007	2006
	m3	m3
Kalt vatn, innkaup fyrir bryggjur	260.100	193.000 *
Kalt vatn, sala í skip og báta	79.700	70.200
Hlutfall af seldu vatni	30%	36%

* vanmat um 18-20.000 m3

Mynd 4 sýnir innkaup og sölu á köldu vatni árið 2007 og árið 2006. Innkaup á köldu vatni jókst um 22% (þegar t.t.t. vanmats árið 2006) og salan á köldu vatni jókst um tæp 14% á milli ára.




Tafla 6. Kaldavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna árið 2007 og til samanburðar kaldavatnsnotkun árið 2006.

	2007	2006	2007	2006
	m ³	m ³	m ³ / m ²	m ³ / m ²
Kaldavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna sf.				
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna	1.412	1.890	0,2	0,3
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, húsnæði í notkun Faxaflóahafna*	316	423**	0,3	0,3
Hafnarhúsið Akranesi	43		0,2	
Bækistöð, gamla höfnin	225	146	0,2	0,12

*áætluð notkun

** leiðrétt tala

Mynd 5. Kaldavatnsnotkun í húsnæði sem nýtt er af Faxaflóahöfnum sf. (m³) árið 2007 og árið 2006 til samanburðar.



Eldsneytisnotkun


Lykiltalan á við notkun eldsneytis (skipaolíu, dísil og bensín) fyrir ökutæki og báta. Skipaolía er notuð á báta í eigu Faxaflóahafna sf. en dísilolía og bensín á bifreiðar og vélar. Jarðefnaeldsneyti er óendurnýjanleg auðlind og brennsla eldsneytis veldur losun mengandi efna til umhverfisins, m.a. gróðurhúsalofttegunda. Af umhverfislegu sjónarmiði er mikilvægt að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis, bæði með því að velja sparneytnari skipavélar og bifreiðar og huga að því hvort hægt sé að velja vélar og tæki sem nota endurnýjanlega orkugjafa .

Á árinu var byrjað að vakta eldsneytisnotkun bifreiða og báta.

Tafla 7. Eldsneytisnotkun og ústreymi gróðurhúsalofttegunda vegna brennslu eldsneytis 2007 og til samanburðar árið 2006.

	2007	2006	2007	2006
	L	L	Kg CO2 ígildi	Kg CO2 ígildi
Heildarnotkun skipaolía	144.317	121.000	386.000	324.000
Heildarnotkun dísel	31.956	28.800	86.000	77.500
Heildarnotkun bensín	8.348	8.770	19.400	20.400
Alls	-	-	491.400	422.000
Meðaltalseyðsla skipaolíu pr. vélátíma aðalvélar	51,6			
Meðaltalseyðsla dísel pr. 100 km	13,4			
Meðaltalseyðsla bensín pr. 100 km	7,6			
Hlutfall losunar fyrir landið allt (%)	-		0,013%	0,011%
Hlutfall losunar við samgöngur (%)	-		0,065	0,059%

Mynd 6. Ústreymi gróðurhúsalofttegunda (kg CO2 ígilda) vegna brennslu eldsneytis árið 2007 og 2006 til samanburðar.






Lykiltalan á við um notkun skrifstofupappírs. Þó svo að pappírinn sjálfur sé endurnýjanleg auðlind er mikilvægt að minnka notkun auðlindarinnar þar sem alltaf eru notaðar einhverjar óendurnýjanlegar auðlindir og orka við framleiðslu, flutning og förgun pappírins.

Tafla 8. Notkun skrifstofupappírs árið 2007 og til samanburðar árið 2006.

	2007	2006	2007	2006	2007	2006
	Fjöldi	Fjöldi	Kg	Kg	Kg / starfsmann	Kg / starfsmann
Skrifstofupappír (A4 blöð)	75.000	56.000	375	280	6	4

Mynd 7. Notkun skrifstofupappírs (Kg/starfsmann) árið 2007 og árið 2006 til samanburðar.




Almennur úrgangur og spilliefni

Lykiltalan á við myndun og meðhöndlun almenns úrgangs og spilliefna. Af umhverfislegu sjónarmiði er mikilvægt að draga úr myndun almenns úrgangs og spilliefna, auka endurvinnslu þess úrgangs sem til fellur og sjá til þess að spilliefnum sé fargað á forsvaranlegan hátt. Lykiltalan tekur bæði til úrgangs sem myndast í eigin starfsemi en einnig til úrgangs sem myndast á hafnarsvæðum hjá einstaklingum og í starfsemi annarra fyrirtækja, sem Faxaflóahafnir sjá um að sé safnað inn frá. Faxaflóahafnir hafa því jákvæð umhverfisáhrif með því að bjóða upp á tanka fyrir úrgangsolíu og standa fyrir hreinsunarátaksverkefnum á hafnarsvæðinu. Þessar aðgerðir hafa þó í för með sér að magn úrgangs sem skrifað á Faxaflóahafnir eykst.

Tafla 9. Almennur úrgangur frá skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu árið 2007 og til samanburðar árið 2006.

		2007		2006	
Úrgangstegundir	Meðhöndlun	Kg		Kg	
Gæðapappír	Endurvinnsla	460		560	
Dagblöð og tímarit	Endurvinnsla	1.550		1.440	
Bylgjupappi	Endurvinnsla	926		1.000	
Blandaður úrgangur	Förgun	17.062		19.400	
Úrgangur alls	-	20.000		22.400	
Meðhöndlun	Kg	%	Kg	%	
Úrgangur til förgunar	17.000	85	19.400	87	
Úrgangur til endurvinnslu	3.000	15	3.000	13	


Mynd 8. Almennur úrgangur frá skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu (Kg) árið 2007 og til samanburðar árið 2006.



Tafla 10. Úrgangur sem safnað er saman fyrir hafnarsvæði árið 2007 og til samanburðar árið 2006

Úrgangstegundir	Meðhöndlun	Reykjavík		Grundartangi		Akranes		Samtals	
		2007	2006	2007	2006	2007	2006	2007	2006
		Kg	Kg	Kg	Kg	Kg	Kg	Kg	Kg
Blandaður úrgangur	Förgun	30.080	40.900			240		30.320	40.900
Bylgjupappi	Endurvinnsla		3.870					0	3.870
Grófur úrgangur	Förgun	125.260	122.200	21.200	14.500	17.430	11.700	163.910	148.000
Hjólbarðar til förgunar	Förgun	75.820	54.200					75.820	54.200
Málmar	Endurvinnsla	37.050	57.200	1.950	35.300			39.000	92.600
Gler og postulín	Förgun	9.480						9.480	
Timbur	Endurvinnsla	60.650	67.000	35.690	56.700			96.340	124.000
Timbur, litað og blandað	Endurvinnsla	12.850	4.930					12.850	4.930
Úrgangur alls	-	351.190	350.000	58.860	107.000	17.670	11.700	427.720	468.000
Meðhöndlun		%	%	%	%	%	%	%	%
Úrgangur til förgunar		69	62	36	14	100	100	65	52
Úrgangur til endurvinnslu		31	38	64	86	0	0	35	48

Mynd 9. Úrgangur sem safnað er saman fyrir hafnarsvæði (Kg) árið 2007 og til samanburðar árið 2006.



Tafla 11: Úrgangstegundir og magn sem nýtast sem hráefni hjá Faxaflóahöfnum árið 2007 og til samanburðar árið 2006.

Úrgangstegundir	2007		2006	
	Meðhöndlun	Magn	Magn	Magn
Hjólbarðar	Endurvinnsla (pybbur)		1400 stk	1715 stk
Fyllingarefni og jarðvegur frá framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu	Endurvinnsla (fyllingarefni)		147.000 m ³	160.000 m ³

Spilliefni

Faxaflóahafnir geta haft jákvæð umhverfisáhrif með því að bjóða upp á aðstöðu fyrir viðskiptavinum hafnanna til þess að skila inn spilliefnum. Þetta er gert með því að staðsetja tanka fyrir úrgangsolíu á hafnarsvæðum fyrir smábátaeigendur en þeir eru staðsettir á Reykjavíkurböfn og Akraneshöfn.


Árið 2007 var byrjað að halda utan um það magn spilliefna sem flokkuð voru í starfsemi Faxaflóahafna og þá aðallega á bækistöð í gömlu höfninni. Þessum spilliefnum var skilað til Efnamóttökunnar.

Tafla 12 og mynd 10 sýna að um 6.600 kg af spilliefnum söfnuðust á hafnarsvæðum í Reykjavík, sem er svipað magn og árið 2006. Um 2.700 kg af spilliefnum söfnuðust á Akraneshöfn (sem er tæplega 50% minna en árið 2006). Auk þess söfnuðust 2.300 kg af spilliefnum frá hafnarsvæðinu á Grundartanga árið 2007 en ekkert árið áður.

Tafla 12. Úrgangsolía og önnur spilliefni sem safnað er saman á hafnarsvæði árið 2007 og til samanburðar árið 2006.

	2007	2006	2007	2006
	L	L	Kg	Kg
Reykjavíkurböfn	5.850	7.900	6.600	6.800
Akraneshöfn	3.150	5.900	2.700	5.000
Grundartangahöfn, spilliefni			2.300	
Spilliefni alls	9.000	13.800	11.600	11.800

Mynd 10. Spilliefni frá hafnarsvæðum (Kg) árið 2007 og til samanburðar árið 2006.





Mengunaróhöpp

Lykiltalan á við um mengunaróhöpp á hafnarsvæði, þar sem olía eða önnur mengandi efni berast í sjóinn, við bryggju og baksvæði þeirra. Ef magn mengandi efna er yfir 100 l ber að tilkynna það til Faxaflóahafna. Einnig ber að tilkynna óhöpp á skipum og bátum þar sem mengandi efni hafa lekið úr tilheyrandi umbúðum og geta valdið mengunaróhöppum. Þetta gildir bæði fyrir mengunaróhöpp sem verða við starfsemi Faxaflóahafna og þeirra sem leigja svæði af Faxaflóahöfnum. Haldið hefur verið utan um þau óhöpp sem tilkynnt hafa verið en ekki er hægt að tryggja að öll óhöpp séu tilkynnt til Faxaflóahafna.

Eins og fram kemur í töflu 13 voru 4 mengunaróhöpp tilkynnt til Faxaflóahafna á árinu 2007 og 3 árið 2006.

Þau fjögur mengunaróhöpp á árinu 2007 voru eftirfarandi:

1. Málingarslíkja sem barst frá skipi sem verið var að mála í gömlu höfninni var söguð upp.
2. Um 100 l af skipagasolía barst í höfnina við dælingu úr bíl í skip.
3. Um 100 l af smurolíu fóru á þilfar og í sjó þegar verið var að dæla um borð í skip frá bíl.
4. Bátur sökk við bryggju og dæla varð úr tönkum með aðstoð kafara.

Tafla 13. Mengunaróhöpp tilkynnt til Faxaflóahafna árið 2007 og til samanburðar árið 2006.

	2007	2006	2007	2006
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi / skipakomur yfir 100 tonn	Fjöldi / skipakomur yfir 100 tonn
Tilkynnt óhöpp á landi				
Tilkynnt óhöpp á sjó	4	3	0,002	0,002
Mengunaróhöpp alls	4	3	0,002	0,002

Dýpkun hafna

Lykiltalan á við um umfang dýpkunar hafna og mögulega nýtingu þess efnis sem verður til við dýpkun hafna. Dýpkun hafna krefst þess að fjarlægja þarf mengað set sem koma þarf fyrir, t.d. í landfyllingum. Ávinningur við notkun dýpkunarefna til landgerðar er töluverður ef um tiltölulega ómengað efni er að ræða þar sem efnistaka og efniskaup sparast.

Efsta lag botnsets í höfnum getur innihaldið meira magn þungmálma og þrávirkra lífrænna efna (t.d. PAH og PCB) en það magn sem fyrir kemur í dýpri lögum. Þetta aukna magn má rekja til ýmissa aðgerða mannsins, bæði til aðgerða sem varða hafnarstarfsemi en ekki síst starfsemi sem er að öllu ótengd höfnum (s.s. bílaumferð, fráveitu o.s.frv.). Áður en að dýpkunarefnum frá höfnum er ráðstafað eru gerðar ýtarlegar mengunarmælingar á þeim og heppileg staðsetning fyrir losun þeirra er ávallt fundin í samráði við Umhverfisstofnun.


Fyrir liggur skráning á nýtingu á öllu dýpkunarefni Faxaflóahafna frá árinu 1985 til ársins 2007. Á þessu tímabili hefur tekist að nýta 83% af öllu dýpkunarefni til landgerðar. Nú er staðan hins vegar sú að þróunarrými til frekari landgerðar á höfuðborgarsvæðinu er á þrotum og því hefur dýpkunarefni verið varpað í hafið í stað þess að endurnýta það til landgerðar.

Tafla 14 og mynd 11 sýna heildarmagn dýpkunarefnis frá dýpkunum ársins 2007 og til samanburðar fyrir árið 2006. Umfang dýpkunar og þar með heildarmagn dýpkunarefnis hefur minnkað um tæp 50% á milli árana 2007 og 2006. Hins vegar er hefur öllu dýpkunarefni verið varpað í hafið og engin endurnýting á dýpkunarefni átt sér stað á árinu 2007.

Tafla 14. Magn dýpkunarefnis sem nýtt er til landgerðar og varpað er í hafið árið 2007 og til samanburðar árið 2006.

	2007	2006
	m ³	m ³
Dýpkunarefni nýtt til landgerðar	0	142.000
Dýpkunarefni varpað í hafið	201.770	256.000
Heildarmagn dýpkunarefnis	201.770	398.000

Mynd 11. Magn dýpkunarefnis sem nýtt er til landgerðar og varpað er í hafið (m³) árið 2007 og til samanburðar árið 2006.



Landfyllingar

Lykiltalan á við um landfyllingar sem eru hluti af stækkun hafnarsvæða og byggingu hafnarmannvirkja. Landfyllingar hafa áhrif á náttúrulega lögun hafnarinnar, auk þess að breyta samsetningu þeirra jarðefna sem eru til staðar innan hafnarsvæðisins (t.d. með endurnýtingu fyllingarefna og jarðvegs frá framkvæmdum).

Hjá Faxaflóahöfnum er haldið utan um upplýsingar um landsvæði sem fer undir landfyllingar og tegundir og magn efna sem notað er til landfyllinga.


Tafla 15 og mynd 12 sýna að á árinu 2007 voru gerðar landfyllingar sem stækkuðu hafnarsvæði Faxaflóahafna um 6 ha miðað við 8 ha árið áður. Til þess voru tæp 500 þúsund m³ efnis notuð og var þar rúmlega helmingur um að ræða endurvinnslu efnis. Heildarmagn alls efnis sem fór til landfyllinga hefur minnkað um 22% á milli áranna. Hér munar að mestu um dýpkunarefni til landgerðar sem er ekkert árið 2007 en var 142.000 m³ árið 2006.

Notkun efna frá dýpkunarframkvæmdum og fyllingarefna og jarðvegs frá framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu skilgreinast sem endurvinnsla. Fyllingarefni frá útboðsverkum skilgreinist ýmist sem endurvinnsla eða notkun úr námum. Sá verktaki sem vinnur að umræddri framkvæmd útvegar það efni sem þarf til framkvæmdarinnar. Tæplega helmingur þess efnis sem notað var til landfyllinga á árinu 2007 var keypt úr námum í sjó.

Tafla 15. Landsvæði til landfyllinga og magn og tegundir efna sem notuð voru til landfyllingar árið 2007 og til samanburðar árið 2006.


		2007	2006
		Magn	Magn
Landsvæði til landfyllinga	ha	6	8
Magn efna til landfyllinga, áætluð skipting			
Dýpkunarefni til landgerðar	m ³	0	142.000
Endurvinnsla fyllingarefnis og jarðvegs frá framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu	m ³	147.000	160.000
Fyllingarefni í útboðsverkum	m ³	115.000	150.000
Keypt fyllingarefni úr námum í sjó	m ³	236.000	192.000
Heildarmagn efnis til landfyllinga	m³	498.000	644.000

Mynd 12. Magn efna til landfyllinga, áætluð skipting (m³) árið 2007 og til samanburðar árið 2006



Flutningar um hafnir Faxaflóahafna sf. árið 2007 (í tonnnum)

	Reykjavík	Grundartangi	Akranes	Samtals
Innflutningur				
Olía	484.852			484.852
Vörur til stóriðju		851.629		851.629
Bífreiðar	24.626			24.626
Byggingavörur	181.134			181.134
Laust korn	86.164			86.164
Ýmsar vörur	473.788	52.280	21.925	547.993
	1.250.564	903.909	21.925	2.176.398
Útflutningur				
Vörur frá stóriðju		357.680		357.680
Sjávarafurðir	197.597		8.489	206.086
Ýmsar vörur	237.206	857		238.063
	434.803	358.537	8.489	801.829
Strandflutningar				
Frá höfn	10.421		75.000	85.421
Til hafnar	410			410
	10.831		75.000	85.831
Milliflutningar	49.146			49.146
ALLS:	1.745.344	1.262.446	105.414	3.113.204
Dæld steinefni	1.138.520		166.566	1.305.086
Landaður afli	102.069		61.205	163.274




Skipakomur til Faxaflóahafna sf. 2007

	Reykjavík	Grundartangi	Akranes	Samtals
Fjöldi skipa				
Flutningaskip	408	142	51	601
Fiskiskip	656		106	762
Farþegaskip	76			76
Tankskip	90		2	92
Rannsóknar- og varðskip	155			155
Önnur skip	22		1	23
	1.407	142	160	1.709


Samanlögð stærð skipa (bt)	Reykjavík	Grundartangi	Akranes	Samtals
Flutningaskip	2.968.063	805.620	71.655	3.845.338
Fiskiskip	708.813		121.785	830.598
Farþegaskip	2.000.765			2.000.765
Tankskip	521.607		2.035	523.642
Rannsóknar- og varðskip	173.395			173.395
Önnur skip	68.933		1.774	70.707
	6.441.576	805.620	197.249	7.444.445

Fjöldi skipa



Gámaflutningar í gámaeiningum (TEU) árið 2007

	Sundahöfn	Grundartangi	Samtals
Til hafnar			
Hlaðnir	130.231	6.395	136.626
Tómir	6.322	5.838	12.160
Alls	136.553	12.233	148.786
Frá höfn			
Hlaðnir	47.205	11.093	58.298
Tómir	84.072	592	84.664
Alls	131.277	11.685	142.962
Samtals			
Hlaðnir	177.436	17.488	194.924
Tómir	90.394	6.430	96.824
Alls	267.830	23.918	291.748



Rekstrarreikningur ársins 2007

	Skýr.	Fjárhagsáætlun		
		2007	2007	2006
Rekstrartekjur				
Vörugjöld		864.425.000	897.181.113	871.139.735
Aflagjöld		105.000.000	102.179.465	103.681.065
Skipagjöld		186.900.000	179.042.537	178.229.106
Eignatekjur		561.226.000	609.670.980	518.213.504
Hafnarþjónusta		167.160.000	185.443.012	158.617.521
Siglingavernd		174.436.000	178.240.325	179.969.807
Söluhagnaður eigna og aðrar tekjur		<u>100.000.000</u>	<u>373.513.341</u>	<u>456.515.295</u>
		<u>2.159.147.000</u>	<u>2.525.270.773</u>	<u>2.466.366.033</u>
Rekstrargjöld				
Hafnarvirki	20	205.962.000	225.021.533	250.690.810
Eignagjöld	21	191.817.000	202.846.501	230.305.405
Hafnarþjónusta	22	287.756.000	299.864.872	273.155.652
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	23	284.613.000	277.342.171	257.651.155
Siglingavernd	24	119.020.000	130.669.921	125.719.728
Raunbreyting lífeyrisskuldbindingar	14	0	8.283.707	10.085.878
Afskriftir	5. 10	<u>640.000.000</u>	<u>670.107.000</u>	<u>635.170.000</u>
		<u>1.729.168.000</u>	<u>1.814.135.705</u>	<u>1.782.778.628</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		429.979.000	711.135.068	683.587.405
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur, verðb., gengismunur og arður	2	50.000.000	124.797.615	123.553.534
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	2	(115.000.000)	(110.136.265)	(316.340.793)
		<u>(65.000.000)</u>	<u>14.661.350</u>	<u>(192.787.259)</u>
Hagnaður ársins		<u>364.979.000</u>	<u>725.796.418</u>	<u>490.800.146</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2007	2006
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	5, 10		
Fasteignir og lóðir		3.620.188.847	3.211.859.520
Hafnir og mannvirki		6.205.223.885	6.033.530.900
Gatnakerfi		130.423.368	330.339.218
Bátar, bifreiðar, áhöld og tæki		<u>292.308.901</u>	<u>380.100.402</u>
		<u>10.248.145.001</u>	<u>9.955.830.040</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	11	33.814.220	31.982.127
Langtímakröfur	12	754.880.013	692.472.739
Næsta árs og gjaldfallnar afborganir	12	<u>(396.688.826)</u>	<u>(295.724.710)</u>
		<u>392.005.407</u>	<u>428.730.156</u>
Fastafjármunir		<u>10.640.150.408</u>	<u>10.384.560.196</u>
Veltufjármunir			
Birgðir:	7		
Vörubirgðir		0	1.141.292
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur	8	290.030.243	382.762.635
Aðrar kröfur		109.826.415	8.742.479
Næsta árs og gjaldfallnar afborganir		396.688.826	295.724.710
Fyrirframgreiðslur		308.234.217	20.000.000
Handbært fé:	9		
Sjóður og bankainnstæður		<u>400.119.848</u>	<u>569.606.673</u>
		<u>1.504.899.549</u>	<u>1.277.977.789</u>
Veltufjármunir			
Eignir samtals		<u>12.145.049.957</u>	<u>11.662.537.985</u>

31. desember 2007

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2007	2006
Eigið fé	13		
Óráðstafað eigið fé		10.216.369.624	9.490.573.206
Eigið fé samtals		10.216.369.624	9.490.573.206
Skuldbindingar	14, 17		
Lífeyrisskuldbindingar		59.554.000	55.400.000
Áætluð lífeyrisþátttaka næsta árs		(5.360.000)	(4.986.000)
Skuldbindingar		54.194.000	50.414.000
Langtímaskuldir	15		
Langtímaskuldir		1.582.619.423	1.822.546.882
Næsta árs afborganir langtímaskulda		(271.403.789)	(285.059.174)
Langtímaskuldir		1.311.215.634	1.537.487.708
Skammtímaskuldir			
Borgarsjóður		0	478.637
Viðskiptaskuldir		239.753.705	153.610.708
Ýmsar skammtímaskuldir		46.753.205	139.928.552
Áætluð lífeyrisþátttaka næsta árs	14	5.360.000	4.986.000
Næsta árs afborganir langtímaskulda	15	271.403.789	285.059.174
Skammtímaskuldir		563.270.699	584.063.071
Skuldir samtals		1.928.680.333	2.171.964.779
Skuldir og eigið fé samtals		<u>12.145.049.957</u>	<u>11.662.537.985</u>

Reykjavík, 10. mars 2008

Grant Thornton endurskoðun ehf.



Theodór Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi



MAGNI
REYKJAVIK



MAGNI
REYKJAVIK



REYKJAVÍK



AKRANES



BORGARNES



GRUNDARTANGI



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

Tryggvagata 17 • Reykjavík

Sími/Tel: +354 525 8900 • Fax: + 354 5258990

E-mail: hofnin@faxaports.is • www.faxaports.is